

## **222. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 5. október 2023**

Mætt: Elín Þórdís Pálsdóttir (fulltrúi nemenda), Friða Rut Stefánsdóttir (fulltrúi foreldra), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Sigurður Einar Guðjónsson (fulltrúi sveitarfélaganna), Kristjana Sigríður Skúladóttir (fulltrúi kennara), Olga Lía Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir (skipuð af ráðherra), Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).

### **Dagskrá:**

1. Tölfræði haustannar 2023 - OLG
2. Húsnæðismál - OLG
3. Starfsmannaráðningar H. '23 - SMS/OLG
4. Önnur mál :
  - a. Nýtt nám við FSu í farvatninu
5. Fjárlagafrumvarpið 2024, lokastaða 2022, rekstrarstaðan í dag - HE/fjármálastjóri

### **Skoðunarferð um aðstöðuna á Reykjum**

#### **1. Tölfræði haustannar 2023 – OLG**

Skólameistari fór yfir tölfræði haustannarinnar. Meðal þess sem kom fram í máli hennar var að fjöldi nýnema er 244 og er það aðeins minni hópur en á sama tíma í fyrra. Áfram er meirihluti nemenda frá Árborg og næsta nágrenni. Opna línan er vinsælasta stúdentsbrautin og hefur verið það frá innleiðingu nýrrar námskrár haustið 2015. 79 nemendur eru skráðir á húsmíðabraut, 57 á rafvirkjabraut og 62 á vélvirkjabraut.

Umræða um starfameissuna sem var haldin í FSu áður fyrr með áherslu á starfsnám. Einn möguleikinn væri að útvíkka hana og taka inn fleiri greinar en áður og setja inn aðrar áherslur jafnvel, t.d. að fjölga stúlkum í ákveðnum greinum.

Umræða um nemendur af erlendum uppruna. Sá hópur hefur stækkað nokkuð á síðustu árum. Aðaláherslan hefur verið á íslenskukennslu enda er hæfni í íslensku mikilvæg forsenda fyrir gengi í skólanum.

#### **2. Húsnæðismál - OLG**

Skólameistari fór yfir stöðu húsnæðismála skólans. Fyrir stuttu kom út skýrsla um sameiningar skóla á Norðurlandi. Í þeirri skýrslu kom fram að til standi að fara í 1400 m<sup>2</sup> stækkun árið 2025. Að öllum líkindum er þar vísað til uppbyggingar fyrir starfsnám við skólann. Líkur eru á að áfram fjölgi nemendum okkar bæði í bóknámi sem og í starfsnámi.

Þá sagði skólameistari frá vinnu starfshóps undir stjórn Gylfa Arnbjörnssonar sem vinnur að þarfagreiningu fyrir garðyrkjunámið að Reykjum. Olga Lía undirritaði í gær samning um húsaleigu fyrir þær byggingar sem skólinn þarf fyrir sína starfsemi.

SMS  
SEG-  
KSS  
[Handwritten signatures]